

Til vinstri: Málverk Kjarvals, Kona með barn á armi, sem greinarhöfundur gerir að umtals-efni. Til hægri: Jóhannes Kjarval við vinnu í hafnarfjarðarhrauni. Ljós- Kristján Magnússon.

stað þeirra er áður voru þaktir bókum og myndum.

Áður hef ég minnst á, þegar Kjarval vildi að ég tæki heim með mér úr kofa hans, myndina „Stúlka með saltfisk“, og var það fyrsta mynd sem prýddi okkar nýju vegg. En hvertum nú aftur í „himnasalinn“ í Sigtúni og að heimsókn minni þangað.

Eftir að hafa notið veitinganna og spjallsins við meistaran, bjóst ég til ferðar. Kjarval gengur þá að málverkastafli, sem var upp við einn vegginn og tekur upp eina myndina. Hún var strengd á blindamma, sem var á hjörum um miðjuna. Var því myndflöturinn samantrotinn svo ekki varð séð hvers konar mynd þetta var. Kjarval sagði: „Taktu þessa góði í staðinn fyrir myndirnar sem þú misstir. Ég kalla þessa mynd „Kona með barn á armi“, ég vil að þú eigir hana“. Mér varð orðfall í fyrstu, en tókst þó að stama upp einhverju þakklæti og labbaði með myndina heim án þess að líta á hana.

Fara má nærri um spenninginn þegar breitt var úr myndinni, sem var ekkert smáræði, 92 sm á hæð og 165 sm á lengd.

Við fyrstu sýn blasir við augum svertingjakona, auðsjáanlega í miklu upp-námi og snýr hún baki, rúnum ristu, að áhorfendum. Við nánari athugun sést að hún heldur á samanhniptu barni á vinstri handlegg; þann hægri teygir hún frá sér, og leystist hann upp þegar komið er framundir olnboga og rennur saman við bakgrunn myndarinnar. Þar sem svertingjakonan teygir fram handlegginn myndar hann útlínur liggjandi manns, á grúfu sem teygir svarta fætur langleiðina eftir myndjaðrinum neðanverðum. Bakgrunnur myndarinnar er í bláum lit, markaður margs konar formum býsna torráðnum, sem ímyndunin ein og frumhvati myndarinnar, geta leyst úr og verður síðar vikið að þeim möguleika.

Allmörgum árum síðar, nánar tiltekið 1971, eftir að við hjónin vorum flutt til Reykjavíkur, kom Kjarval eitt sinn heim til okkar þeirra erinda að setja nafn sitt á myndina „Stúlka með saltfisk“, en um það hafði ég beðið hann nokkrum sinnum og var farinn að halda að meistarin hefði gleymt því. Í þetta sinn kom hann uppábúinn og með palettuna og penslana í hendinni. Hann var lengi að setja nafn sitt á myndina og talaði við sjálfan sig á meðan um hvað hann væri nú orðinn skjálfhentur. Þegar því var lokið snéri hann sér við og þá blasir við honum myndin „kona með barn á armi“. Hann snöggstansar, gengur svo nær og gáir á undirskrift myndarinnar og segir: „Hva, er þessi mynd eftir mig? Og mótvíði vill ekki vera á myndinni, — ég hef aldrei séð mynd, þar sem mótvíði vill ekki vera á myndinni.“

Hann stóð lengi og virti myndina fyrir sér, hallaði til skiptis undir flatt, kvaddi síðan og fór án þess að vilja þiggja nokkrar veitingar, og að því er virtist, dálítið „deprímeraður“ eins og myndin hefði vakið innra með honum óþægilegar minningar eða ógeðfæld hughrif.

# RADIÓAKTÍFT LÍF



„Lífið er svo radíóaktíft núna, að mér finnst ég eiga hlut í glæpum sem drýgðir eru í Neskaupstað eða í Kongó,“ sagði Jóhannes Sveinsson Kjarval við Matthías Jóhannessen ritstjóra og skáld, einhvern tíma á sumrinu 1961, eftir því sem Matthías segir í bók sinni um Kjarval og hann kallar Kjarvalskver.

Aðspurður sagði Matthías ekki vita við hvað meisatarinn hefði átt, er hann nefndi Neskaupstað í þessu sambandi, sagði ekki hafa spurt hann að því, en glæpirnir í Kongó voru á allra vitorði.

Veturinn 1960—'61 voru frásagnir af hinu nýstofnaða svertingjaríki í Kongó hlesta fréttafni heimsblaðanna sem og þeirra íslensku. Rifjað var upp hvernig Leopold annar Belgíukinungur hafði stofnað þarna ríki eftir að hann hafði kostað úr eigin vasa landkönnuðinn Henry Stanley til að kanna þetta áður ókunnna landsvæði. Ríki þetta hafði Leopold konungur og síðan stjórn Belgíu rekið sem einkafyrirtæki til auðsöfnunar en síður hugsað um að mennta þá mörgu ættflokka er byggðu landið svo þeir yrðu færir um að taka sjálfir við stjórn, ef til þess kynni að draga. Drengar voru fram myndir af Leopold konungi og birtar með þessum greinum.

Eftir miklar sviptingar, leynimakk og svik var loks árið 1960 í júní stofnað sjálfstætt lýðveldi, en þeir innfæddu forystumenn reyndust þess ekki umkomnir að ráða við vandann sem fylgdi vegsemdinni að vera sjálfstætt ríki. Fyrsti forsætisráðherra hins nýja ríkis varð Patrice Lumumba, greindur og duglegur ungur maður, sem barðist fyrir því fyrst og fremst að sameina hina ýmsu ættflokka í eitt miðstýrt ríki. Í þessari baráttu sinni rakst hann brátt á einkahagsmuni ættar- eða kynþáttahöfðingja, einkum átti hann í höggi við Tshombe forseta í Katangahéraði, sem nú er nefnt Shaba. Zaire heitir nú þar sem áður hét Kongó.

Deilur þær sem nú eru í þessum héruðum eru eins konar framhald þeirra deilna er brutust út þegar við stofnun ríkisins 1960.

Þeim lauk með því Lumumba var svikinn í hendur fjandmönnum sínum í Katanga og þar var hann myrtur í febrúar 1961. Eins og áður sagði fluttu íslensk blöð þessar fréttir, oft feitiletraðar og innrammaðar.

Í Morgunblaðinu 19. febrúar 1961, er fjallað í heilli opnu um þessa atburði og fylgja 9 myndir. Ein þeirra sýnir Lumumba í hlekkjum og undir henni er þessi texti: „Flugmaðurinn, sem flutti Lumumba til Katanga hinn 17. jan. sagði í viðtali við blað nokkurt í Suður-Afríku, að fanganum hefði verið svo harkalega misþyrmt á leiðinni að hann gæti ekki ímyndað sér, að hann hefði lifað það af. Flugmaðurinn Jack Dixon sagði m.a.: „Þeir (þ.e. fanga-verðirnir) rifu hvað eftir annað stórar hárflyksur af höfði hans og neyddu hann síðan til að eta þær...“

Ein af myndunum sem fylgdu grein Morgunblaðsins var af tveim konum og undir henni stóð feitiletrað: „Þessi mynd sem sýnir takarmkalaus sorg, var tekin í Leopoldville eftir að fregnin um morð Lumumba barst þangað. Til vinstri er kona hans, Opanga Pauline, úrvinda af harmi. Við hlið hennar situr systir hennar. Hið nauðrakaða höfuð er sorgartákn...“ Í þjóðviljanum sem út kom 21. febr. birtist mynd á forsíðu og undir henni stóð: „Ekkja Patrice Lumumba Pauline syrgir mann sinn að afrískum sið með ber brjóst og snoðið ár.“

Loks er að geta myndar og greinar sem birtist innrömmuð og feitiletruð í Morgunblaðinu 23. febrúar 1961 en þar stóð: „Pauline Lumumba, hin 28 ára gamla ekkja hins myrta fyrrverandi forsætisráðherra Kongó, Patrice Lumumba, gekk þar niður að mitti eftir götum Leopoldville daginn eftir að maður hennar var myrtur til þess að

sýna sorg sína. Með henni gengu rúmlega hundrað fylgjendur hins látna manns hennar, konurnar berar niður að mitti og karlmennirnir með drjúpani höfuð. Flokkurinn gekk frá húsi Lumumba í blökkumannahverfinu og bar tvo hvíta fána til að sýna andstæðingum Lumumba að tilgangurinn með göngu þessari, sem endaði við aðalstöðvar (Sameinuðu þjóðanna) í Leopoldville, væru friðsamlegar. Fyrir utan aðalstöðvarnar stóð flokkurinn hljóður á meðan Pauline Lumumba bað um leyfi til þess að fá að hitta Rajeswar Dayal, fulltrúa S.þ., að máli.

Ásamt yngri bróður manns síns Albert og Joseph Lutula fyrrum landbúnaðarráðherra og með tveggja ára son sinn á handleggnum, (leturbreyting mín þ.þ.) var henni leyft að komast framhá Túnisbúum, sem voru á verði fyrir utan bygginguna með vélbyssur að vopni. Berfætt og grátandi gekk hún inn í lyftuna, sem flutti hana upp á 6. hæð til skrifstofu Dayals. Þar inni var hún tæpan klukkutíma og á eftir skýrði Albert Lumumba frá því, að hún hefði beðið S.þ. um aðstoð til þess að fá lík manns síns flutt heim, þannig að hann gæti fengið kristilega greftrun.

Pauline Lumumba er kaþólsk og Lumumba var skírður í kaþólsku trú, en gekk í bandarískan methodistaskóla. Hann skipti sér aldrei mikið af trúmálum. Albert Lumumba sagði að Dayal hefði lofað frú Lumumba aðstoð S.þ. til þess að fá lík manns hennar flutt frá hinum óþekkta greftrunarstað í Katanga til Leopoldville.“ Hér lýkur hinum innrammaða texta blaðsins og myndin sem fylgdi með sýnir Pauline þar sem hún fórnar upp höndunum í örvæntingu og hjá henni stendur hinn tveggja ára gamli sonur hennar.

Hér að framan hef ég rakið all nákvæmlega fréttir þær og myndir sem birtust í blöðum um þessar mundir vegna hugsanlegra áhrifa á Jóhannes

Framhald á bls. 10